

Fundargerð 1. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, föstudaginn 28. ágúst, kl. 12 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman til fyrsta fundar í bæjarráðsal að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Sigurður P. Sigmundsson. Birna Ólafsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Kosning formanns.

Helga Ingólfssdóttir var kosin formaður verkefnastjórnar.

2. Kynning fulltrúa í verkefnastjórn.

Fulltrúar kynntu sig og sinn bakgrunn.

3. Staða verkefnisins.

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins. Búið er að taka ákvörðun um byggingu á Sólvangsreitnum. Breyttar forsendur eru frá því að upphaflega var skrifað undir samning við félagsmálaráðuneytið um byggingu hjúkrunarheimilis vorið 2010. Má nefna að stærðarviðmið frá ráðuneytinu haft tekið breytingum. Lögð verði áhersla á að hefja framkvæmdir við hönnun og byggingu sem fyrst. Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu er falið að koma með tillögu að verklagi vegna hönnunarútboðs fyrir næsta fund.

4. Skipulagsmál, Sólvangsreiturinn.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu fór yfir skipulagsmál á Sólvangsreitnum. Deiliskipulag gerir ráð fyrir 4000 m² byggingarmagni sem er nægjanlegt fyrir 60 rýma hjúkrunarrými. Mikilvægt er að skilgreina þá starfssemi sem æskileg er í gamla Sólvangshúsinu, eðli hennar, umfang og hvað mikil rými er nauðsynlegt.

5. Fundartímar verkefnastjórnar.

Fundartímar verkefnastjórnar verða annan hvern föstudag kl. 8. Næsti fundur verði þó að viku liðinni og haldinn, ef kostur er, á Sólvangi og aðstæður skoðaðar.

6. Erindsbréf verkefnastjórnar lagt fram.

Erindisbréfið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 13.